

12. júní 2024



# Frumvarp til fjárukalaga IV fyrir árið 2024

## Kynning fyrir fjárlaganefnd

Stjórnarráð Íslands  
Fjármála- og efnahagsráðuneytið



# Tilefni framlagningar frumvarpsins

- Þetta fjórða fjárukalagafrumvarp ársins 2024 er lagt fram vegna **stuðningsaðgerða** við íbúa og atvinnurekendur í Grindavíkurbæ í kjölfar eldsumbrota og jarðhræringa á Reykjanesskaga.
- Það sem af er ári hafa þrjú fjárukalagafrumvörp verið lögð fram. **Fyrstu tvö einkorðuðust** líkt og frumvarp þetta við stuðningsaðgerðir vegna atburðanna á Reykjanesskaga.



# Efni frumvarpsins

<u>Frumvarp til fjárukalaga VI 2024: Breytingar á heildargjöldum</u>	<u>m.kr.</u>
<b>Fjárlög 2024<sup>1</sup></b>	
Heildargjöld.....	1.490.902
<b>Frumvarp til fjárukalaga III 2024 (vegna kjarasamninga)<sup>2</sup></b>	
Breytingar á heildargjöldum.....	12.919
<b>Frumvarp til fjárukalaga IV 2024: Ný og aukin útgjaldatilfni</b>	
Varnargarðar.....	4.500
Rekstrarstuðningur.....	960
Afurðarsjóður Grindavíkur.....	400
Húsnæðisstuðningur.....	250
Framkvæmdanefnd vegna jarðhræringa í Grindavíkurbæ.....	150
<b>Breytingar á heildargjöldum</b> .....	<b>6.260</b>
<b>Heimildir 2024</b>	
Heildargjöld.....	1.510.081

<sup>1</sup> Samþykkt fjárlög 2024 auk samþykktra fjárukalaga I og II 2024 en þau fólu ekki í sér breytingu á heildargjöldum.

<sup>2</sup> Frumvarpið er enn í meðförum Alþingis.

- Lagðar eru til auknar fjárheimildir vegna **fimm liða**, samtals um **6,3 ma.kr.** eða sem nemur **0,4%** aukningu frá áður samþykktum fjárheimildum í fjárlögum yfirstandandi árs.
- Ef með er talin aukning fjárheimilda í fyrri fjárukalögum ársins aukast fjárheimildir um **1,3%** frá fjárlögum 2024.
- Auk þess eru lagðar til breytingar á **5. og 6. gr.** fjárlaga til að heimila endurlán og aukningu við hlutafé til fasteignafélagsins Þórkötlum og ráðstöfun úr sjóðum Náttúruhamfaratryggingar Íslands til Þórkötlum.



Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög <sup>1</sup> 2024	Heimildir <sup>2</sup> 2024	br. m.kr.	br. %
01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess .....	6.771,8	6.771,8		
02 Dómstólar .....	4.044,8	4.044,8		
03 Æðsta stjórnarsýsla .....	2.781,5	2.781,5		
04 Utanríkismál .....	15.840,7	15.840,7		
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla .....	29.443,6	29.443,6		
06 Hagskýrslugerð og grunnskrár .....	3.468,6	3.468,6		
07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar .....	32.946,2	32.946,2		
08 Sveitarfélög og byggðamál .....	33.794,7	33.944,7	150,0	0,4%
09 Almanna- og réttaröryggi .....	40.400,9	40.400,9		
10 Rétt. einstakl, trúmál og stjórnarsýsla dómsmála .....	26.423,7	26.423,7		
11 Samgöngu- og fjarskiptamál .....	56.686,4	56.686,4		
12 Landbúnaður .....	23.390,3	23.390,3		
13 Sjávarútvegur og fiskeldi .....	7.752,0	8.152,0	400,0	5,2%
14 Ferðaþjónusta .....	2.167,9	2.167,9		
15 Orkumál .....	14.670,5	14.670,5		
16 Markaðseftirlit og neytendamál .....	3.969,4	3.969,4		
17 Umhverfismál .....	33.647,4	38.147,4	4.500,0	13,4%
18 Menning, listir, íþrótt- og æskulýðsmál .....	21.822,1	21.822,1		
19 Fjölmíðlun .....	6.945,6	6.945,6		
20 Framhaldsskólastig .....	45.826,0	45.826,0		
21 Háskólastig .....	65.403,3	65.403,3		
22 Önnur skólastig og stjórnarsýsla mennta- og barnamála .....	5.700,9	5.700,9		
23 Sjúkrahúspjónusta .....	161.043,4	161.043,4		
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa .....	89.048,3	89.048,3		
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta .....	79.851,1	79.851,1		
26 Lyf og lækningavörur .....	41.831,0	41.831,0		
27 Örorka og málefni fatlaðs fólks .....	107.782,7	107.782,7		
28 Málefni aldraðra .....	117.862,5	117.862,5		
29 Fjölskyldumál .....	68.215,1	68.215,1		
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi .....	53.349,3	54.309,3	960,0	1,8%
31 Húsnæðis- og skipulagsmál .....	33.976,4	34.226,4	250,0	0,7%
32 Lýðheilsa og stjórnarsýsla velferðarmála .....	11.929,4	11.929,4		
33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindi .....	179.195,4	179.195,4		
34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir .....	62.731,7	62.731,7		
35 Alþjóðleg þróunarsamvinna .....	13.106,8	13.106,8		
<b>Samtals .....</b>	<b>1.503.821</b>	<b>1.510.081</b>	<b>6.260</b>	<b>0,4%</b>

## Helstu breytingar fjárheimilda í frumvarpinu eftir málefnasviðum

<sup>1</sup> Fjárlög að viðbættum fjárukalögum I og II auk fjárukalagafrumvarps III fyrir árið 2024 sem nú er í meðförum þingsins.

<sup>2</sup> Fjárlög að viðbættum fjárukalögum I og II, fjárukalagafrumvarpi III auk tillagna í frumvarpi þessu.



# Varnargarðar við Grindavíkurbæ



- Lagt er til að auka fjárheimild málefnasviðs *17 Umhverfismál* um **4,5 ma.kr.** vegna **framkvæmda við varnargarða** til að vernda byggð og mannvirki við Grindavíkurbæ.
- Skömmu eftir að eldsumbrot á Reykjanesi hófust í nóvember sl. var byrjað að reisa varnargarða til að verja **byggð** og **innviði** í Grindavíkurbæ og við orkuverið í Svartsengi. Í **fjárukalögum ársins 2023** var veitt 2,7 ma.kr. framlag til fyrsta áfanga verksins.
- Áætlaður heildarkostnaður vegna varnargarða við Grindavíkurbæ og Svartsengi liggur á bilinu **6,6 til 7,3 ma.kr.**

# Stuðningur við rekstraraðila

- Lagt er til að auka fjárheimild málefnasviðs *30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi um 960 m.kr.* vegna framlengingar **stuðnings til rekstraraðila** í Grindavík til áramóta 2024.
- Stuðningurinn er í formi **beinna styrkja** og er markmið þessarar aðgerðar að styðja rekstur þar sem starfsemin fer fram í Grindavíkurbæ og hefur skerst verulega með beinum eða óbeinum hætti vegna jarðhræringanna.
- Skilyrði verða rýmkuð. Einungis gerð kvöð um a.m.k. **20% tekjufall** í stað 40% og ef tekjufall er meira en 50% reiknast það sem 100% við útreikning stuðnings. **Hlutfall fyrirtækja** sem gætu átt rétt á stuðningi eykst úr tæpum **priðjungi í helming** við þessa breytingu.
- Þann 23. maí höfðu **27 fyrirtæki** sótt um rekstrarstuðning og nam greiddur stuðningur **142 m.kr.**





# Afurðasjóður Grindavíkur

- Lagt er til að auka fjárheimild málefnasviðs *13 Sjávarútvegur og fiskeldi* um **400 m.kr.** vegna Afurðasjóðs Grindavíkur.
- Sjóðurinn er **nýtt stuðningsúrræði** til að koma til móts við áhættu rekstraraðila við að halda uppi starfsemi í Grindavíkurbæ í ljósi jarðhræringa og eldsumbrota sem geisa á svæðinu.
- Ætlað að bæta rekstraraðilum óbeint tjón á **matvælum** og **fóðri** af völdum náttúruhamfara eða vegna ákvarðana stjórnvalda þeim tengdum.





# Húsnæðisstuðningur



- Lagt er til að auka fjárheimild málefnasviðs 31 *Húsnæðis- og skipulagsmál* um **250 m.kr.** vegna framlengingar sérstaks húsnæðisstuðnings til íbúa Grindavíkurbæjar til loka árs 2024.
- Hámarksleigustuðningur fyrir sex heimilismenn nemur **294 þús.kr. á mánuði.**
- Mat á kostnaði byggir á upplýsingum um greiðslur frá því að lögin tóku gildi og þróun til dagsins í dag. Þegar hafa um **730 m.kr. verið greiddar** vegna tímabilsins janúar til apríl en greiðslur hafa aukist með hverjum mánuði.
- Fjárheimild í fjárlögum ársins 2024 nemur 450 m.kr. miðað við gildistíma út febrúar, eða um 225 m.kr. á mánuði. Úrræðið var framlengt til loka ágústmanaðar í fyrstu fjárukalögum 2024 og nema nú **fjárheimildir sértæks húsnæðisstuðnings** alls 2,1 ma.kr. á árinu 2024.



# Framkvæmdanefnd um málefni Grindavíkur

- Lagt er til að auka fjárheimild málefnasviðs *8 Sveitarfélög og byggðamál* um **150 m.kr.** til að greiða kostnað vegna **framkvæmdanefndar** um málefni Grindavíkurbæjar.
- Framkvæmdanefndin er tímabundið skipuð og er ætlað að fara með stjórn, skipulagningu og samhæfingu aðgerða og hafa heildaryfirsýn með málefnum Grindavíkurbæjar.
- Kostnaður á árinu 2024 er áætlaður **150 m.kr.** og er hann vegna þóknunar þriggja nefndarmanna og tveggja starfsmanna nefndarinnar, auk kostnaðar við húsnæði, aðkeypta sérfræðipjónustu og annan rekstrarkostnað.
- Þau verkefni sem nefndinni er ætlað að sinna eru ófjármögnuð en í frumvarpi um nefndina kemur fram að nefndinni er ekki heimilt að sinna verkefni nema ráðherra hafi staðfest að fjárheimild sé til staðar vegna rækslu þeirra.



# Áhrif ráðstafana á jafnrétti



- Lagt var mat á áhrif af hluta ráðstafana í frumvarpinu á jafnrétti kynjanna í samræmi við aðferðafræði kynjaðrar fjárlagagerðar.
- Heilt yfir má gera ráð fyrir að **stuðningur við fyrirtæki** nái til fleiri karla en kvenna sem er í ágætis samræmi við kynjaskiptingu á almennum vinnumarkaði.
- Gera má ráð fyrir að ríflega helmingur **sérstakra húsnæðisbóta** fari til heimila þar sem fleiri en tvö eru í heimili og má ætla að í flestum tilfellum séu börn á heimilinu.
- Verkefni sem **framkvæmdanefnd** verða falin eru talsvert ólík eftir kynjum og því mikilvægt að kynja- og jafnréttissjónarmið séu höfð í huga við áætlanagerð og töku ákvarðana um einstök verkefni sem farið verður í.



## Heimild í 5. gr. fjárlaga

- Í fjáráukalagafrumvarpinu er lögð til ein breytingar á heimildaákvæði 5. gr. fjárlaga.
- Lagt er til breyting verði gerð á 12. tölulið. sem heimilar endurlán fyrir allt að **15,5 ma.kr.** í stað **12,5 ma.kr.** til Fasteignafélagsins Þórkötlu.
- Samþykktar umsóknir hjá Þórkötlu eru um 740. Þar af er búið að bjóða 710 aðilum samning og búið er að þinglýsa 685 kaupsamningum, m.v. 11. júní.
- Heildarfjárfesting Þórkötlu er áætluð 75 ma.kr. miðað við meðalverð eignar sé 79 m.kr. og alls 950 eignir.



## Heimildir í 6. gr. fjárlaga

- Í fjáráukalagafrumvarpinu eru lagðar til tvær breytingar á heimildaákvæði 6. gr. fjárlaga.
  - Í fyrsta lagi er lagt til að við greinina bætist nýr liður sem heimilar að aukið verði við hlutafé í Fasteignafélaginu Þórkötlum um allt að **37 ma.kr.** í stað **25,9 ma.kr.** heimildar til að fjármagna kaup á íbúðarhúsnæði í Grindavík.
  - Uppfærð kostnaðaráætlun er 75 ma.kr. þar af er kostnaður ríkissjóðs 51,5 ma.kr. Endanlegur kostnaður mun fyrst liggja fyrir við árslok.
  - Í öðru lagi er lagt til að heimilda verði aflað til að ráðstafa allt að 15 ma.kr. úr sjóðum **Náttúruhamfaratryggingar Íslands** til Fasteignafélagsins Þórkötlum.



# Endurmat á afkomu ársins 2024

## Samanburður við áætlun fjárlaga ársins 2024

Þjóðhagsgrunnur	Fjárlög 2024	ma.kr. Áætlun 2024	br.	Fjárlög 2024	% af VLF Áætlun 2024	br.
Frumtekjur .....	1.315,1	1.324,3	9,2	29,1	29,2	0,1
Frumgjöld .....	1.290,2	1.304,8	14,6	28,5	28,8	0,2
<b>Frumjöfnuður .....</b>	<b>24,9</b>	<b>19,4</b>	<b>-5,5</b>	<b>0,6</b>	<b>0,4</b>	<b>-0,1</b>
Vaxtatekjur .....	41,4	43,1	1,7	0,9	1,0	0,0
Vaxtagjöld .....	117,6	114,2	-3,4	2,6	2,5	-0,1
<b>Vaxtajöfnuður .....</b>	<b>-76,2</b>	<b>-71,1</b>	<b>5,1</b>	<b>-1,7</b>	<b>-1,6</b>	<b>0,1</b>
Heildartekjur .....	1.356,5	1.367,4	10,9	30,0	30,1	0,1
Heildargjöld .....	1.407,7	1.419,0	11,3	31,1	31,3	0,1
<b>Heildarjöfnuður .....</b>	<b>-51,2</b>	<b>-51,6</b>	<b>-0,4</b>	<b>-1,1</b>	<b>-1,1</b>	<b>0,0</b>

- Afkoma ríkissjóðs er metin lítillega lakari en í endurmati sem birt var í fjárukalagafrumvarpi 3. maí sl. (v. kjarasamninga).
- Tekjur hafa ekki verið endurmetnar frá þeim tíma og er tekjuáætlun því óbreytt frá síðasta fjárukalagafrumvarpi og fjármálaáætlun.
- Heildarafkoma er í takt við áætlun fjárlaga ársins 2024 þótt tekjur og gjöld eru metin um 11 ma.kr. hærrí.



**Stjórnarráð Íslands**  
Fjármála- og efnahagsráðuneytið